

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
Miðvikudaginn 7. jan 2025, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Sigrún Agata (SAA), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIB), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Pétur Andreas Maack (PM), Brynja Vignisdóttir (BV), Vilhelm Bjarnason (VB)

Fundargerð síðasta fundar 9. desember hafði ekki verið sett inn á samskiptavef stjórnar og því verða tvær fundargerðir bornar undir stjórn á næsta fundi.

Umræða um streymismál. Um áramótin var skipt yfir í Sportway með allar beinar útsendingar. Á þessum fyrstu 7 dögum ársins voru ríflega 200 manns sem skráðu sig í kerfið og 96 voru búin að kaupa áskrift. Fram komu áhyggjur af því að ekki væru til sjónvarps öpp fyrir áskrifendur. Einnig var rædd gjaldskrá fyrir streymið ásamt fjölda tækja á hverri áskrift. VG var falið að gera tillögu að greiðslu til félaga vegna streymis úr yngri deildum og tillögu að breytingu á reglugerð númer 20 um upptökur og streymi.

VG upplýsti um stöðu á landsliðsverkefnum.

U20 er að fara til Belgrad í Serbíu núna föstudaginn 16. janúar og allt er að verða tilbúið.

Kristján Sturluson er fararstjóri.

U18 kvenna fer til Höfðaborgar í Suður Afríku viku seinna eða föstudaginn 23. janúar þar er allt að smella saman líka. Fararstjóri í starfsþjálfun er Steinun Sigurgeirsdóttir og VG ferð með henni til halds og trausts.

U18 ára Píltar fer svo til Sarajevo í Bosnía 11. febrúar. Undirbúningur þar gengur vel og fararstjóri í þeirri ferð er Sigurður Sveinn Sigurðsson.

Ofurhelgi númer tvö er á dagskrá komandi helgi á Akureyri. Auglýst verður á samfélagsmiðlum með sama hætti og fyrir ofurhelgi 1 sem var í Egilshöll.

HP startaði umræðum fyrir verkefni 2026 og bað stjórnarmenn að hugsa málið fram að næsta fundi þegar á að ræða málið áfram.

Önnur mál:

VG og GIB upplýstu um forföll dómara á Akureyri. Ljóst er að okkur vantar fleiri í dómarastétt, sérstaklega fyrir norðan. VG ætlar að ræða við formann SA um skildur félagsins og reyna að finna lausnir í samvinnu við dómaranefnd.

JÆJ benti á hjálmleysi þjálfara U18 pílta landsliðs og mikilvægi þess að þjálfarar væru góð fyrirmynd iðkenda. VG mun ræða þetta við þjálfara liðsins.

KHK og JÆJ bentu á að það vantar orðið nokkurn fjölda fundargerða stjórnar, á vef sambandsins. VG falið að bæta úr því.

Fundi slitið.